

5. fundur skólanefndar kjörtímabilið 2018-2022 vegna Undralands haldinn fimmtudaginn 2. maí 2019 kl. 15.20.

Mætt: Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Unnsteinn Eggertsson (H), sem ritaði fundargerð og Hanna Björk Grétarsdóttir (D og óháðir). Einnig sátu fundinn Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir, leikskólastjóri og Fríður Sæmundsdóttir, fulltrúi foreldraráðs og Freyja Porkelsdóttir, fulltrúi starfsfólks.

FUNDARSTAÐUR: UNDRALAND

DAGSKRÁ:

1. Heilsueflandi samfélag - Kynning frá verkefnastjóra
 2. Skýrsla skólastjóra
 3. Starfsmannakönnun 2019
 4. Skóladagatal 2019-2020
 5. Dvalarsamningur Undralands
 6. Starfsmannamál
 7. Gátlisti, 2. og 3. töluliðir er varða ársskýrslu og starfsmannahald.
 8. Mál frá síðasta fundi
 - a. Mötuneytismál – samráð við gerð matseðla og tengsl við heilsueflandi samfélag
 9. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi
-

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið og óskaði eftir athugasemduum við útsent fundarboð og dagskrá. Engar athugasemdir gerðar. Gengið var til dagskrár.

1. Heilsueflandi samfélag – Kynning frá verkefnastjóra.

Gunnar Gunnarsson, verkefnastjóri, sá um kynninguna sem var sameiginleg fyrir Flúðaskóla og Undraland. Samningurinn við Landlæknisembættið verður undirritaður þann 23. maí n.k.

Reiknað er með að verkefnið og innleiðing þess taki um 4 ár. Verkefnið leggur áherslu á fjóra meginþætti sem teknir eru fyrir á tilgreindum tímabilum: Hreyfing og útivera – Næring - Geðrækt – Heilbrigðir lifnaðarhættir.

Skólanefnd fagnar verkefninu.

2. Skýrsla skólastjóra

Dagur leikskóls var haldinn hátiðlegur 6. febrúar og var opið hús milli 15:00 og 16:00. Við vorum mjög ánægðar með hvað margir gáfu sér tíma til að kíkja á okkur.

Valdís og Marta fóru á Vináttunámskeið hjá Barnaheillum í febrúar, starfsfólk mætti á kynningarfund vegna flokkunar sorps, kerlingadagur var hefðbundinn með opnu húsi og við tókum þátt í Lífshlaupinu.

Nýr starfsmaður hóf störf hér í byrjun mars, Margrét Elín, hún er leikskólakennari að mennt og er á Skógarkoti. Elma fór á námskeið í Hveragerði á vegum Skólabjónustunnar, foreldraviðtol voru í mars og við verðum ekki varar við annað en almenna ánægju með starfið hér.

Séra Óskar kíkti í heimsókn nokkra morgna í aðdraganda pánska. Nýir starfsmenn voru ráðnir

FB

JE
BB

XP

FB HAU

inn um mánaðarmótin mars-apríl þær Anna Dagbjört Styrmisdóttir sem kom í stað Diönu sem hætti hér og Guðbjörg Bjarnar Guðjónsdóttir ný inn á Móakot um leið og börnum fjölgaði þar.

Í dag eru 47 börn á leikskólanum og við viljum ítreka þá beiðni okkar að á leikskólann verði ráðinn aðstoðarleikskólastjóri en í kjarasamningum er gert ráð fyrir þeirri stöðu þegar börnin eru orðin 33.

Við horfum til þess að aðstoðarleikskólastjóri tæki að sér afleysingu fyrir deildarstjóra í undirbúningstíma og jafnvel einhverja sérkennslu en við erum að skoða aukna þörf á henni.

Ljóst er að einhverjar breytingar verða á starfsfólkí næsta vetur. Einhverjar ætla að fara í nám og aðrar að hverfa til annarra starfa.

Skólanefnd samþykkir skýrsluna.

3. Starfsmannakönnun 2019

Samþykkt að fresta þessum lið til næsta fundar.

4. Skóladagatal 2019-2020

Leikskólastjóri kynnti drög að skóladagatali Undralands fyrir 2019-2020. Rætt var um samræmingu á dagatalinu við dagatal Flúðaskóla.

Fulltrúi foreldraráðs ítrekaði þá ósk sína að skoðað verði að sumarleyfi hefjist t.d. um miðjan júní eitt árið og í byrjun júlí annað árið, en ekki alltaf í byrjun júlí eins og nú er.

Samþykkt að leitað verði eftir frekari samræmingu við Flúðaskóla og taka dagatalið fyrir að nýju á næsta fundi.

5. Dvalarsamningur Undralands

Samþykkt að fresta þessum lið til næsta fundar.

6. Starfsmannamál

Leikskólastjóri fór yfir stöðu mála. Í máli hennar kom m.a. fram sá vilji að stöðu aðstoðarleiksskólastjóra verði komið á laggirnar að nýju.

Skólanefnd samþykkir að skoða málið fyrir næsta fund. Leikskólastjóri mun senda nefndarfólki rökstuðning varðandi stöðu aðstoðarleikskólastjóra.

7. Gátlisti, 2. og 3. töluliðir er varða ársskýrslu og starfsmannahald.

Samþykkt að fresta þessum lið til næsta fundar.

FB
JE
FH
DB
X

8. Mál frá síðasta fundi.

a. Mötuneytismál – samráð við gerð matseðla og heilsueflandi samfélag


Samþykkt að fresta þessum lið til næsta fundar.

9. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi

Samþykkt að fresta til næsta fundar.

Næsti fundur er ráðgerður fimmtudaginn 8. maí 2019, kl. 14.00.

Engin önnur mál tekin fyrir. Fundi slitið kl. 15.40.



Haukur Þórðarson
Ingenjör Garðar Baldursd.
Frújur Þorleifsdóttir
Fridur Sæmundsdóttir